


# Í hringiðu helgarinnar



Unga kynslóðin var síður en svo skilin útundan á svokölluðum löngum laugardegi sem verslunarmenn á Laugaveginum stóðu fyrir um helgina. Hinn frægi Kódak bangsi og félagi hans röltu um Laugavegin í blönnu þar sem þeir vöktu að vonum mikla athygli hjá ungum vegfarendum.




Bylgjan og Hótel Ísland héldu Bylgjuball á Hótel Íslandi á föstudagskvöldið. Meðal skemmtiatriða var danssýning sem Helena Jónsdóttir samdi og stýrði í anda hins sívinsæla söngleiks Grease. Þeir Halldór Guðmundsson og Reynir Reynisson skemmtu sér ágætlega eins og sést á meðfylgjandi mynd.



Það var margt um manninn á skemmtistaðnum Casa Blanca á föstudagskvöldið og voru þeir Ásgrímur Helgason og Guðmundur Gauti Reynisson meðal þeirra sem skemmtu sér þar og létu sig ekki muna um að setja upp sparispjónn fyrir ljósmyndarann.



Það voru margir sem komu að skoða verk Huldu Hákon þegar hún opnaði sýningu sína í vestursal Kjarvalsstaða um helgina. Uppistaða sýningarinnar er myndir af eldi og blómum bæði í þrívídd og málverki. Hér sést Hulda ásamt Gunnari Kvaran, forstöðumanni Kjarvalsstaða.



Hulda Hákon myndlistarkona opnaði sýningu á verkum sínum í vestursal Kjarvalsstaða á laugardeginn. Á sýningunni eru myndir af eldi og blómum bæði í þrívídd og í málverki. Þær Gerður Kristnýblaðamaður og Þorgerður Sigurðardóttir, nemi í leikmyndahönnun, voru meðal fjölmargra sýningargesta sem skoðuðu verk Huldu á laugardeginn.



Það var skemmtileg stemning á laugardeginn á Laugaveginum þegar kaupmenn þar stóðu fyrir svokölluðum löngum laugardegi. Bóðið var upp á margs konar uppákomur og skemmtannir og voru jafnframt því mörg tilboð hjá versluninum. Hún Ellen Rós Hansdóttir, 3 ára, var allveg heilluð af dýrinni á Laugaveginum og var ekki lengi að skrifa í fang þessarar furðuveru sem skemmti yngri kynslóðinni með uppátækjum sínum.

Ólafur Sveinn Gíslason á Kjarvalsstöðum:

# Að opna sýningu

Íslandsvininum og naumhyggjumanninum Donald Judd, sem nú er nýlátinn, var í mun að sýna fram á að hversdagsleikinn byggir yfir sköpunarmætti og fagurfræði sem hefði til að bera meiri sannleika en hefðbundin listaverk. Hversdagslegir hlutir væru hins vegar oft ósýnilegir vegna þess hve sjálfsagðir þeir væru í augum flestra og klassískt gildi þeirra rynni því e.t.v. ekki upp fyrir fólki fyrir en hlutirnir væru hættir að vera hversdagslegir og jafnvel horfnir með öllu. Ólafur Sveinn Gíslason, sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum, er einnig að velta fyrir sér gildi hversdagslegra hluta. Hversdagslegar athafnir skipa jafnframt veigamikinn sess í listsköpun hans. Hér er það sjálf sýningaropnunin sem er aðalatriðið og má því segja að sýningin snúist um sjálfa sig; hefð opunarinnar er uppistaða hennar.

## Skapandi sýningargestir

Á tíu hvítmáluðum stöplum, sem glær plexiglerkassi hvolfist yfir, standa notuð og óþvöskud vönglós. Dreggjarnar eru mismiklar; sums staðar virðist vera um blöndu af kaffi og rauðvíni að ræða, annars staðar sóðavatn eða annan torkennilegan vökva. Og tuggugúmmi slapir yfir stöku

## Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

glasbrún eins og til að brjóta upp einhæf formin. Fagurfræði leifanna í glösum virðist þó ekki vera kjarni málsins í þessari uppstillingu, heldur er hér verið að stilla sýningargestum upp sem skapandi afli. Að mínu mati er hér nokkur meinbugur á því „sköpunin“ sem í því fólst að tæma glösin fór ekki fram við opnun þessarar sýningar á Kjarvalsstöðum heldur sýningar sem listamaðurinn hélt í Helsinki fyrir stuttu. Hér er þannig verið að sýna „hráefni“ germings sem sýningargestir á Kjarvalsstöðum fá einungis smjörþefinn af. Sýningin ber yfirskriftina „Vernissage“ sem getur útlagst sem sýningaropnun en einnig sem lökkun. Áður fyrir mun hafa tíðkast í Evrópu að listamenn héldu prufuopnanir fyrir vini og kunningja áður en þeir lökkuðu yfir verkin og innsigliðu þau. Með yfirskriftinni er Ólafur þannig að visa beint í myndlistarsýningahefðina.

## Hvítir kassar

Ólafur Sveinn Gíslason hefur á síðustu árum sýnt verk sem byggjast á hvítu kassaformi og hvítu stallarnir undir vönglönunum eru í beinu framhaldi af þeim verkum. Í þessum verkum leitast listamaðurinn við að láta eigin sköpun spretta eins og sjálfsagðan hlut upp úr jarðvegi staðar og tíma. Kassaform verksins verður eins og framlenging á kassaformi salarins eða viðteknu kassaformi bögguls í pósti, eða í skotti bíls, svo nefndar séu til sögu einhverjar af tilraunum Ólafs með form listsýningarinnar sem slíkrar. Hér vantar hins vegar að mati undirritaðs einhvern neista sem kveikt gæti með sýningargestinum ástæðu til að ígrunda þessi tæmdu glös innan við glerið á stöllum hvítu. Hvers vegna er hér látið staðar numið í sköpunarferlinu og hvorki gefið færi á að tæma glas eða t.a.m. lesa úr bolla? Vera má að skýringar sé að finna í sýningararkrá sem kemur úr prentun kringum næstu helgi og hefur m.a. að geyma myndir frá opnuninni á Kjarvalsstöðum.

30% afsláttur af öllum vörum



6 daga rýmingarsala



Slæður – hanskar – veski skartgripir, ferðatöskur o.fl.

Hvíta uglan,

Laugavegi 66, sími 621260

ALLIR FINNA EITTHVAÐ!



Úrval  
Tímarit fyrir alla  
Nýtt hefti komið út

Þskriftarsími 932700